

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017, iðnaðarsvæði fyrir hitaveitugeymi (I-14).

Skipulagsstofnun staðfesti þann 22. maí 2014 breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2014, sem samþykkt var í bæjarstjórn Akraness 13. maí 2014.

Breytingin felst í að nýtt 0,65 ha iðnaðarsvæði (I-14) er skilgreint við Þjóðveg 15/15A í stað óbyggðs svæðis. Á svæðinu er gert ráð fyrir hitaveitugeymi og dælustöð.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 22. maí 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. júní 2014